

Mánudaginn 15. október 1990.

Nr. 368/1990. **Sigurður Örn Sigurðsson og  
Sigurður Garðarsson**  
gegn  
**Gissuri Kristjánssyni.**

Kærumál. Skuldabréf. Aðilaskýrsla.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Á bæjarþingi Reykjavíkur er nú rekið bæjarþingsmálið nr. 2621/1990: Gissur Kristjánsson gegn Sigurði Erni Sigurðssyni og Sigurði Garðarssyni. Hinn 12. september 1990 kvað Allan V. Magnússon borgardómari upp úrskurð í málinu. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, er þannig:

„Skýrslutaka aðila verður ekki leyfð í máli þessu.“

Lögmaður stefndu í héraði kærði úrskurð þennan 12. september 1990 til Hæstaréttar. Kæran er heimil samkvæmt c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands með lögjöfnun.

Sóknaraðilar krefjast þess fyrir Hæstarétti, að sóknaraðilanum Sigurði Garðarssyni verði heimilað að gefa aðilaskýrslu í málinu.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Héraðsdómariinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Mál það, sem hér er til meðferðar, er rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og er enginn ágreiningur með aðilum að málið skuli sæta meðferð skv. ákvæðum kaflans.

Í þinghaldi 12. september sl. óskaði talsmaður stefndu eftir því að stefndi Sigurður Garðarsson fengi að gefa aðilaskýrslu og skoraði á talsmann stefnanda að hann gæfi skýrslu um málsatvik sem aðili.

Af hálfu stefnanda var því mótmælt að skýrslutakan færi fram og lögðu talsmenn aðila ágreining sinn í úrskurð.

Dómari synjaði um aðilaskýrslu með úrskurði án forsendna sem kveðinn var upp á bæjarþinginu eftir að talsmenn aðila höfðu tjáð sig um málefnið.

Í 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 eru taldar upp þær varnir sem almennt má hafa uppi í málum samkvæmt XVII. kafla laganna. Í 3. mgr. sömu greinar er sérregla um varnir þær sem að auki má hafa uppi í skuldabréfamálum.

Telja verður að tilgangur þessarar sérreglu sé að koma megi fram vörnum um atriði sem eru augljós og óumdeilanleg án þess að það hafi áhrif á það réttarfarshagræði sem meðferð samkvæmt XVII. kafla veitir.

Þessa sérreglu hlýtur að þurfa að skýra þröngt. Í 3. mgr. er eingöngu kveðið á um skjalfest sönnunargögn eða staðreyndir sem varnaraðili þarf ekki að sanna.

Samkvæmt því er sönnunarfærsla umfram það sem greinir í ákvæðinu ekki heimil gegn andmælum gagnaðila auk þess sem telja verður slíka skýrslu þarflausa skv. ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 85/1936 og bar þegar af þessari ástæðu að synja um skýrslutökuna.“

Sóknaraðilar hafa hvorki í greinargerð í héraði né fyrir Hæstarétti fært fram varnir, sem mega komast að í máli þessu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, aðrar en þá, að Gissur Kristjánsson sé ekki réttur aðili að málinu. Málsskjöl sýna, að hann fékk skuldabréfið, sem málið snýst um, framselt til innheimtu. Getur dómari lagt mat á þessa málsástæðu án frekari gagnaöflunar. Samkvæmt framan-sögðu er dómara ekki skylt að leyfa munnlega skýrslugjöf, sbr. 115. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.